

LÍFRÆN TILBRIGÐI

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það hefur frekar lítið farið fyrir málaranum Vilhjálm Bergssyni í íslenskri myndlist síðari ára. Ástæðan er einfaldlega sú, að hann hefur verið búsettur í Þýskalandi, nánar tiltekið Düsseldorf, hinna miklu listaborg, sem er í næsta nágrenni Kölnar, þa sem öll frægu galleríin eru, sem fjarstýrt hafa listaheiminum á undanförunum árum.

Þetta svæði í Þýskalandi ásamt Berlín telst um þessar myndir miðpunktur evrópskrar myndlistar, þannig að bæði Amsterdam og París hafa horfið í skuggann um stund.

Fyrrum var Vilhjálmur Bergsson mjög virkur í íslensku myndlistarlífi og jafnt í félagsmálum sem á sýningarvettvangi og væri það ennþá, ef örlögin hefðu ekki gripið í taumana.

Ekki mun hann þó alfarið hafa yfirgefið landið til að finna list sinni farveg í stærra samhengi, heldur giftist hann einfaldlega þýskri konu búsettri í Düsseldorf og með sinn starfsvettvang þar. Það lá beinast fyrir hjá listamanninum að flytjast til listaborgarinnar miklu til að njóta sín í nýju umhverfi og þróa list sína hægt og bitandi, svo sem hann hafði lengi gert.

Vilhjálmur var orðinn of þroskaður og mótaður listamaður til að

láta nýjar hræringar gleypa sig, þótt hann lenti einmitt og óforvarandis á miðjum orustuvellinum. Frekar væri, að hann hugsaði sér að gleypa þessar hræringar með tíð og tíma — hann hafði þegar kastað sínum teningi og vænti þess að hitta á fullt hús fyrr eða síðar.

Hér er komið dæmið um mann, er flytur út íslenskt hugvit í myndlist, sem var löngu orðið tímabært. Að þessu leyti er Vilhjálmur skemmtilega ólukur þeim mörgu, er halda utan og koma gjörbreyttir heim með stóra sannleik og nafla heimsins í farteskinu, boðandi nýja trú af sannfæringarkita rétttrúarmannsins.


Vilhjálmur Bergsson er í heim-sókn í gamla landinu þessa dagana og í tilefni þess hefur hann opnað myndverkasýningu í kjallarasölum Norræna hússins, sýnir þar teikningar, vatnslita- og olíumyndir, mikið til nýja framleiðslu.

Beri maður elstu myndirnar á sýningunni saman við þær nýjustu, má sjá umtalsverðan þroska og einkum í þá átt, að yfirbragð myndanna er orðið slípaðra, dularfyllra og norrænna. Þetta er greinilegt, ef bornar eru saman hinar tvær myndir frá árinu 1984, sem nefnast báðar „Draumsýn“ nr. 5 og 6 á skrá svo og myndirnar „Takmörkuð tengsl“ (20) frá 1986 og „Dimmblá veröld“ (22) frá þessu ári.

Síðasttalda myndin er mjög norræn og minnir um sumt á hinn

ágæta norska málara Harald Sohlberg (1869–1935) en einnig Munch, og þó á gjörólíku myndsviði.

Þessi sýning staðfestir með miklum ágætum, hve fagaður máleri Vilhjálmur er og að hann heldur ótrauður áfram að slípa sitt myndmál með kjörordið „Festine lente“ að leiðarljósi — flýttu þér hægt. Vilhjálmur Bergsson er einn okkar ágætu sendifulltrúa íslenskrar myndlistarmenningar á erlendri grundu — einn þeirra, sem hefur kjark til að standa við sannfæringu sína og uppsker eftir því — hverfur því ekki í fjöldann...



„Tilbrigði um tvo lit“

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Fyrir rúmum tveim árum hélt Eydís Lúðvígsdóttir sýningu á verkum úr postulínsleir á Kjarvalsstöðum, sem góða athygli vakti.

Nú er hún komin aftur með sýningu á sama bletti Kjarvalsstaða, og nefnir hana „Tilbrigði um tvo lit“.

Á fyrri sýningunni lagði Eydís höfuðáhersluna á efnið, leirinn sjálfan, hvað mætti ná úr honum í rúmtaki og áferð og hvernig hann er í eðli sínu.

Uppistaðan í vinnubrögðum Eydísar eru tveir litir, sem fást úr kopar- og koboltóxiðum og gefa ótal litbrigði og þótti henni rétt að gefa þeirri hlið meiri gaum að þessu sinni en vinna leirinn sjálfan á einfaldan hátt.

Hér er skynsamlega að verki staðið og það er rétt og fallega hugsað að kynna þessar tilraunir og miðla öðrum fenginni reynslu.

Mér þykir Eydísi hafa tekist mjög vel hvað áferð snertir og einkum er ég hrifinn af svarta litnum, sem er mattur og djúpur. Hins vegar finnst mér hlutlæg útfærsla skreytiforma ekki alltaf falla nægilega vel

að frjálsglega útfærðu formi leir-munanna og veggmyndanna. Frekar virka trúflandi á augað og raska fegurð rúmtaksformsins.

Það er einmitt þegar henni tekst best að samræma þetta í eina heild, að hún nær hrfmestum árangri svo sem í myndverkunum nr. (8) „Jökullinn“, „Skál á fæti“ (30) og „Skál á fæti“ (34). Liturinn og sjálf látlaus fegurð áferðarinnar ásamt fagurlega mótuðum hlutunum standa fullkomlega fyrir sínu en það er hins vegar hlutlæga formið, sem vill raska heildinni og væri betur komið á hreinan tvívíðan flöt...

Súperman IV:

LEITIN AÐ FRÍÐI

Kvikmyndir

Arnaldur Indriðason

Superman IV (Superman IV: The Quest for Peace). Sýnd í Háskólabíói: Stjörngjölf: ★.

Bandarísk. Leikstjóri: Sidney J. Furie. Handrit: Lawrence Konner og Mark Rosenthal eftir sögu þeirra og Christopher Reeves. Framleiðendur: Yoram Globus og Menahem Golan. Kvikmyndataka: Ernst Day. Tónlist: John Williams. Helstu hlutverk: Christopher Reeve, Gene Hackman, Jon Cryer, Sam Wanamaker, Mariel Hemingway og Margot Kidder.

Superman IV: Leitinn að fríði, fjórða Súpermanmyndin sem sýnd er í Háskólabíói, gæti byrjað þar sem leiðtogafundurinn í Höfða endaði. Samningaviðræður um fækkun kjarnorkuvopna hafa farið út um þúfur og lítill drengur sendir Súperman beiðni um að hann fari nú að skipta sér af málum og tryggja heimsfríðinn. Sem hann gerir en á sinn persónulega, háfleyga hátt.

Tvær síðustu Súpermanmyndirnar hafa lagt hrapallega áherslu á raunsæi og keppst við að gera Súperman að einum af okkur. Þær streða við að koma honum (og ímyndunaraflí okkar) niður á jörðina í stað þess að halda honum (og okkur) á lofti í Metrópólís teiknihetjunnar. Richard Lester sem leikstýrði númer tvö og þrjú sagði: „Mér fannst við ættum að vera jarðbundnari í þetta skiptið,“ þegar hann talaði um þriðju myndina og byggði hana í kringum Richard Pryor (sic).

Í númer fjögur, sem kanadíski leikstjórinn Sidney J. Furie leikstýrir, er skrefið stigið enn lengra og Súperman tekur að sér að losa heiminn við kjarnorkuvopn og heldur hjartnæma ræðu hjá Sameinuðu þjóðunum í tengslum við hið fríðelskandi framtak sitt.

Meira að segja Súperman sleppur ekki við kaldan raunveruleikann og þá er nú fátt eftir til að halda uppi fjörinu í Ævintýralandi. Það var allt svo miklu einfaldara þegar hann var bara ímyndun í ímynduðum heimi að

berjast við ímyndaðar hættur. Núna er grautfúll raunveruleikinn tekinn við og núna er Súperman svona James Bond á furðufataballi.

Reeve, sem keppir við Sean Connery um titilinn „Sá sem oftast hefur sagt aldrei skal ég leika hann aftur“, mun hafa heimtað raunveruleikann í myndina og framleiðendurnir Golan og Globus, sem gátu ekki hugsað sér að finna nýjan Súperman, kinkuðu kalli við öllu sem hann sagði, meira að segja þegar hann bað um að fá að leika í annarri mynd á þeirra vegum. Svo Reeve klæddist skikkjunni aftur en er þreytulegur eins og gamanið sé löngu búið. Gene Hackman er ennþá glæpakóngurinn Lex Luthor sem skapar Kjarnorkumanninn til höfuðs Súperman; Margot Kidder er ennþá kærasta Súpermans á hinni Daglegu plánetu; Mariel Hemingway er kærasta Clark Kents sem gefur tækifæri til kómískra bragða af hálfu Súpermans og Jon Cryer er frændi Hackmans en kemst lítið að. Tónlistin er eftir



Vegfarendur fá að finna fyrir ofurkrafti Kjarnorkumannsins, andstæðings Súpermans, í nýjustu myndinni um stálmennið fljúgandi.

John Williams sem fyrr og er hækkað í henni þegar eitthvað á að snerta hann djúpt.

Öllu þessu stjórna Furie stundum heldur kaudalega og ómarkvisst. Eftir að hafa bjargað neðanjarðarlest frá slysi verður Súperman, sjálfsgast í auglýsingaskyni, að tilkynna öllum (syfjuleg andlit á brautarstöðinni) að járnbrautirnar séu þrátt fyrir allt öruggasti fararmátinn; einhverntímann er sýnt aftan á hann þegar hann hendir sér fram af svölunum

sínum og flýgur með Louis Lane og það er eins og hann hafi gripið með sér óhreina tauði en ekki kærustuna sína. Tæknibrellurnar eru á sínum stað en það er eins og þær séu ekki eins vandaðar og í fyrri myndunum. Og þá má nefna lappunna söguþráð og ósamstæða frásögn myndinni til lýta. Það hefur enginn vitað hvort hún ætti að vera aðeins fyrir krakka eða fullorðna líka, en hún hefði gjarna mátt heita: Súperman IV: Leitinn að fríði fyrir Súperman fimm.